



Ljósmyndarar frá Búlgaríu



Fréttaritari rakst á ljósmyndara frá Búlgaríu þar sem þeir voru að mynda Kirkjufellið á síðasta fimmtudag. Fréttaritari tók upp símann og spurði hvort hann mætti taka af þeim mynd sem var auðsótt. Þegar þeir voru spurðir af hverju þeir væru með svona gamaldags myndavél hlógu þeir

og sögðu að myndavélin færi ekki gömul en þetta væri filmuvél því þannig vildu þeir hafa það. Aðspurðir hvort þeir væru búnir að fara vítt og breitt um landið sögðu þeir að þeir væru búnir að koma reglulega til landsins síðustu tíu ár til að mynda og skoða sig um. *þa*



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Vissir þú að ef sameining verður samþykkt af íbúum verður ný sveitarstjórn kosin í sveitarstjórnarkosningum 14. maí og ný sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags tekur við um mánaðamótin maí - júní?

Nánar á snaefellingar.is


SNÆFELLINGAR

Viðurkenning í eldvarnargetraun



Viðbragðsaðilar í Snæfellsbæ óku um bæjarfélagið á sunnudaginn með blikkandi ljósum og sírenum í tilefni af 112 deginum sem var síðasta föstudag. Endaði fjörið svo í björgunarstöðinni Von á Rífi þar sem gestum gafst kostur á að skoða hin ýmsu tæki viðbragðsaðila ásamt því að í boði var Svali fyrir börnin. Á hverju ári er lögd áhersla á ákveðið málefni og að þessu sinni var það að vinna gegn hvers konar ofbeldi en ofbeldishegðun hefur farið vaxandi síðustu tvö ár sem Covid faraldurinn hefur geisað. Við þetta sama tækifæri afhenti Slökkvilið Snæfellsbæjar viðurkenningu fyrir eldvarnargetraun en á hverju ári heimsækja slökkviliðsmenn nemendur í 3.

bekk grunnskólanna og fræða þau um eldvarnir. Börnin fá svo með sér heim handbók Eldvarnabandalagsins um eldvarnir heimilisins og söguna af BrennuVargi og Loga og Glóð. Þeim gefst einnig kostur á að taka þátt í Eldvarnargetrauninni en heppnir þátttakendur fá svo jafnan afhent vegleg verðlaun á 112 deginum og var engin breyting á því í ár. Að þessu sinni var það Egill Míó Jóhannsson sem var dreginn út og fékk hann viðurkenninguna sína afhenta við þetta á tækifæri. Á myndinni með Agli eru slökkviliðsmennirnir Emanúel Þórður Magnússon, Matthías Páll Gunnarsson, Birgir Tryggvason og Kjartan Hallgrímsson.

þa

ÓLAFSVÍKUR- OG
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL
kirkjanokkar.is



Biblíudagur í kirkjunum okkar

Messa verður í **Ingjaldshólkirkju** verður á sunnudag klukkan 11.

Sama dag verður messa í **Ólafsvíurkirkju** klukkan 14

Í báðum messum er altarisganga.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.000

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Grundarfjarðarbær

Hunda-og kattahreinsun

Hunda- og kattahreinsun verður í Áhaldahúsi Grundarfjarðar (Nesvegi 19) miðvikudaginn 23. febrúar, milli klukkan 13.00 - 16.30.

Öllum hundaeigendum er skylt að mæta með sína hunda.

Byrjuðu bakstur kl. 4.30 að morgni



Sólarpönnukökur eru bakaðar víða um land þegar sólin skín aftur í byggð eftir skammdegið. Í Ólafsvík er venjan að baka þær þegar sólin nær að skína á Snoppuna. Kvenfélag Ólafsvíkur bakað sólarpönnukökur eins og undanfarin ár þó það væri í seinna lagi þetta árið enda hafði ástandið og samkomutakmarkanir hamlað því. Kvenfélagskonur fóru snemma á fætur og hófust handa við pönnukökurarnar um hálf fimm um morguninn á síðasta fimmtudag. Deigið höfðu þær undirbú-

id daginn áður enda var búið að panta um það bil 2200 pönnukökur og þær fyrstu þurftu að vera tilbúnar upp úr sjö.

Þær gáfu sér þó tíma fyrir myndatöku þessar hressu kvenfélagskonur þegar ljósmyndara bar að garði. Kvenfélagskonur í KÓ hafa bakað pönnukökur fyrir bæjarbúa í langann tíma og hafa alltaf haft hreinlæti og svo sóttvarnir í hávegum. Þær tóku þó niður hárnætin og grímurnar rétt á meðan myndin var tekin.

þa

ATVINNA

Hafnir Snæfellsbæjar auglýsa hér með eftir tveimur hafnarstarfsmönnum til starfa við Rifshöfn. Viðkomandi munu einnig þurfa að vinna við aðrar hafnir í Snæfellsbæ.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf, annars vegar 20. mars og hins vegar 20. apríl n.k. og vera orðnir 20 ára gamlir.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Kjalarsvæðisráðs.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2022 og skulu umsóknir sendar til hafnarstjóra.

Nánari upplýsingar gefur hafnarstjóri í síma 433-6922 og 863-1153, netfang bjorn@snb.is

Hafnarstjóri.



HAFNIR
SNÆFELLSBÆJAR



1-1-2 dagurinn í Grundarfirði



Hinn árlegi 112 dagur var haldinn hátíðlegur 11. febrúar síðastliðinn en þá minna viðbragðsaðilar á sig og það mikilvæga starf sem þeir sinna. Markmiðið með deginum er að kynna neyðarnúmerið 112 og starfsemi aðila sem tengjast því, efla vitund fólks á mikilvægi þessarar starfsemi og hvernig hún nýtist almenningi. Í ár var áherslan lögð á að vinna gegn hverskonar ofbeldi, en ofbeldishegðun hefur farið vaxandi síðastliðin tvö ár, á meðan Covid faraldurinn hefur herjað á.

Í Grundarfirði fóru viðbragðs-

aðilar hring um bæinn með tilheyrandi sírenum og ljósum á föstudagsmorguninn. Stoppað var við bæði grunnskólann og leikskólann þar sem börnum gafst tækifæri til að skoða bílafлотann. Slökkviliðsbílar, sjúkrabílar og björgunarsveitarbíl með beltahjól í eftirdrangi voru til sýnis og þótti bæði börnum og starfsfólki mikið til koma. Síðdegis var svo opið hús í slökkvistöðinni þar sem hægt var að skoða aðstöðuna og spjalla við slökkviliðsmennina. Meðfylgjandi mynd tók Sverrir Karlsson.

sj

ATVINNA

Klumba auglýsir eftir
**aðstoðarverkstjóra og
viðgerðarmanni.**

Upplýsingar gefur verkstjóri
í síma 893 1017

Tökum höndum saman um að styrkja samfélagið á sunnanverðu Snæfellsnesi



Á laugardaginn kemur verður gengið til kosninga um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar. Vinna við verkefnið hefur gengið vel á skömm-



um tíma, þrátt fyrir samkomutakmarkanir. Samstarfið í nefndinni hefur verið gott, samskipti hreinskiptin og uppbygging, og hópurinn hefur verið lausnamiðaður í

sinni nálgun. Samstarfsnefndin hefur ekki alltaf verið sammála en öll mál hafa verið til lykta leitt og góð samstaða er um helstu hagsmunamál svæðisins.

Nefndin lagði áherslu á að eiga samráð við íbúa og hélt samráðsfund á Breiðabliki, sem jafnframt var rafrænn. Þar var kallað eftir skýrari sýn á skólamáli og var þá ákveðið að halda Skólalöng á sunnanverðu Snæfellsnesi til að heyra sjónarmið og hugmyndir skólasamfélagsins. Að lokum var haldinn rafrænn kynningarfundur á dögnum.

Niðurstaða vinnunnar og samráðs við íbúa er nokkuð skýr. Sameining mun að mati nefndarinnar skapa forsendur til að byggja upp öflugt skólustarf og styrkja samfélagið á sunnanverðu Snæfellsnesi. Sameinað sveitarfélag verður fjárhagslega sterkt og mun fjárfestingageta aukast með um 600 milljóna króna sameiningarframlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Sú innspýting mun skapa tækifæri til fjárfestinga um allt hið sameinaða sveitarfélag. Í ljósi þess að nefndin telur kosti sameiningar sveitarfélaganna vera fleiri en ókosti, hvetur hún íbúa til að samþykkja tillöguna.

Verkefninu er hins vegar hvergi nærri lokið. Það þarf að halda áfram stefnumörkun í skólamáli og setja niður skýrar aðgerðir í bráð og lengd. Það verður verkefni nýrrar sveitarstjórnar, ef sameiningartillagan verður samþykkt. Hver svo sem niðurstaðan verður á laugardaginn, þá hafa tengsl íbúa og sveitarstjórnarfólks á svæðinu styrkst, við höfum greint mörg sóknarfæri og stefna í skólamáli er orðin skýrari.

Viljum við undirritaðir þakka nefndinni fyrir samstarfið, þeim sem unnu með nefndinni sem og okkar ráðgjöfum fyrir samstarfið.

Vonum við að þessi vinna skili sér og auðveldi íbúum þessa sveitarfélaga að taka ákvörðun.

Allar frekari upplýsingar eru á snæfellingar.is

Við hvetjum alla til að mæta á kjörstað á laugardaginn, eða greiða atkvæði utan kjörfundar. Mikilvægt er að þátttaka verði góð og niðurstaðan skýr.

Við Snæfellingar stöndum sterkari saman.

*Björn Haraldur Hilmarsson
forseti bæjarstjórnar Snæfellsbæjar
Eggert Kjartansson
oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps.*



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Aflafréttir

Áfram veiðist vel og nóg að gera í höfnum Snæfellsbæjar og Grundarfjarðar. Dagana 7. til 13. febrúar komu á land í höfnum Snæfellsbæjar alls 1.279 tonn í 68 löndunum. Ekkert var landað á Arnarstapa en á Rifi komu á land 929 tonn í 37 löndunum og í Ólafsvík 350 tonn í 31 löndun. Hjá dragnóta bátunum landaði Rifsari SH 68 tonn í 3, Magnús SH 50 tonn í 3, Steinunn SH 44 tonn í 3, Egill SH 38 tonn í 2, Guðmundur Jensson SH 30 tonn í 1, Esjar SH 19 tonn í 1, Gunnar Bjarnason SH 18 tonn í 1 og Sveinbjörn Jakobsson SH 16 tonn í 2 löndunum. Einn handfærabátur Ingibjörg SH landaði 2 tonn í 2 löndunum þessa daga. Hjá litlu línu bátunum landaði Gullhólmi SH 63 tonn í 3, Særaf SH 57 tonn í 3, Tryggvi Eðvarðs SH 43 tonn í 2, Kristinn HU 36 tonn í 4, Lilja SH 35 tonn í 3, Gísli Súrsson GK 31 tonn í 2, Brynja SH 29 tonn

í 3, Rán SH 21 tonn í 3, Bíldsey SH 18 tonn í 1, Kvikva SH 18 tonn í 2, Signý HU 12 tonn í 2, Sverrir SH 12 tonn í 2, Stakkhamar SH 11 tonn í 1 og Þerna SH 3 tonn í 3 löndunum. Þrjár af stór línu bátunum lönduðu Rífsnes SH landaði 108 tonn í 1, Örvar SH 142 tonn í 2 og Tjaldur SH 54 tonn í 1 löndun. Mokveiði var í netin og landaði Bárður SH 181 tonn í 8 og Saxhamar SH 108 tonn í 5 löndunum þessa daga.

Í Grundarfirði komu á land þessa sömu daga 633 tonn í 10 löndunum. Birta SH sem er á línuveiðum landaði 4 tonn í 1 löndun. Tveir netabátar lönduðu þessa daga Jökull ÞH 167 tonn í 2 og Kap II VE 109 tonn í 2 löndunum. Hjá botnvörpu bátunum landaði Sigurborg SH 96 tonn í 1, Harðbakur EA 84 tonn í 1, Jóhanna Gísladóttir GK 83 tonn í 1, Hringur SH 53 tonn í 1 og Runólfur SH 36 tonn í 1 löndun. Þá

Vegna sameiningaviðræðna

Í 1007. tölublaði Jökuls svaraði bæjarstjórn Snæfellsbæjar fyrirspurn frá Jennýju Guðmundsdóttir, sem barst bæjarstjórn í fundarboði þann 1. febrúar s.l. og birtist jafnframt í 1006. tbl. Jökuls þann 3. febrúar s.l. Til að bæjarstjórn sem heild geti svarað fyrirspurnum sem þessum þarf að ræða svörin á bæjarstjórnarfundum. Sá fundur var haldinn þann 3. febrúar s.l. og í framhaldinu birtist svarið. Svör fulltrúa Snæfellsbæjar í sameiningarnefnd sem birtust í 1006. tbl. Jökuls endurspeglar ekki endilega viðhorf bæjarstjórnarinnar allrar, þó það sé vissulega samhljómur í viðhorfi allra bæjarfulltrúa til þessara viðræðna.

Varðandi þær spurningar sem birust svo í Jökli í síðustu viku, þá er því til að svara að allar eignir Snæfellsbæjar og allar eignir Eyja- og Miklaholtshrepps myndi í heild renna inn í nýtt sveitarfélag ef af sameiningu verður.

Kostnaður við undirbúning er áætlaður um 18 milljónir og er það Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sem greiðir það. Enginn kostnaður fellur á Snæfellsbæ né heldur á Eyja- og Miklaholtshrepp.

*Björn H Hilmarsson
Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Rögvaldur Ólafsson
Svandís Jóna Sigurðardóttir
Michael Gluszek
Fríða Sveinsdóttir*

Hver er fjárhagslegur ávinningur af sameiningu



Nokkrir aðilar hafa spurt um hver séu fjárhagsleg áhrif ef til sameiningar kemur og er okkur bæði ljúft og skilt að fara yfir það í nokkrum orðum.

Ef til sameiningar kemur:

1. Þá kemur tæplega 600 milljóna framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til hins nýja sveitarfélags.
2. Þá verða framlög Jöfnunarsjóðs vegna grunnskólanna óbreytt

næstu 5 árin þrátt fyrir að skólum fækki í hinu nýja sveitarfélagi og skiptir það nokkrum tugum milljóna.

3. Þá er gert ráð fyrir að skólum fækki í nýju sameinuðu sveitarfélagi og við það sparast nokkrir tugir milljóna á ári, sem er eðlilegt þegar rekstrareiningum fækkar.
4. Þá eru Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur fjárhagslega sterk sveitarfélög og myndi það sama gilda um sameinað sveitarfélag. Eyja- og Miklaholtshreppur skuldar engin langtímalán, en á móti skuldar Snæfellsbær meira en á jafnframt mun meiri eignir.
5. Þá munu allar eignir núverandi sveitarfélaga renna inn í sam-

einað sveitarfélag og verða eftir sameiningu eign þess.

6. Kostnaður við sameininguna er að fullu kostaður af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þurfa sveitarfélögin ekki að leggja út fjármuni vegna hennar. Er gert ráð fyrir því að allur kostnaður sem fellur til t.d. starf ráðgjafa, kosningar, kynning og svo framvegis verði um 18 milljónir króna.

Það er því ljóst að ef til sameiningar kemur þá koma töluverðir peningar inn í hið nýja samfélag sem við íbúar hins nýja sveitarfélags getum notað til að styrkja og byggja upp okkar góða samfélag enn betur.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Bifreiðaverkstæði .Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

1X2

Það gekk eftir, sem kom fram í síðasta pistli í Jökli, að menn voru getspakari síðasta laugardag en áður. Nokkrir voru með 10 rétt úrslit, þrjú aðilar voru með 11 rétt (sem gaf af sér vinning) og einn var með 12 rétt úrslit. Það var reyndar á seðil tipp félagsins. Skemmtileg saga á bak við það. Enginn gaf sig fram á staðnum til að fylla út seðilinn, svo að hringt var í vin sem staddur var í umferðinni. Sá fékk 5 mínútur til að segja okkur táknið sem hann vildi nota, sem og hann gerði og uppskeran var svona nálægt „góðum“ vinningi. Líklega verður leitað til hans aftur. Fjöldi manns komu við á laugardaginn og skapaðist mjög góð stemning á staðnum. Mikið rætt um fótbolta og landsmálin leyst. Við verðum í Áttagastofunni á laugardaginn og er tilvalið að koma og tippa á seðil áður en gengið er til kosninga um sameininguna. Kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur.

Matur, leiksýning & dansleikur

RÖST HELLISSANDI

Góugleði

26.FEBRÚAR 2022

Húsið opnar kl. 17:00
Borðhald hefst kl. 18:00
Leiksýning og dansleikur til kl. 00:00
með hljómsveitinni Meginstreymi

Miðasala í Félagsheimilinu Röst
sunnudaginn 20.febrúar kl. 16-18.
ATH engin posi.

VERÐ
KR.7000,-

Skar Restauraunt

Hægeldað lambalæri, kalkún, smælki kartöflur,
blandað rötargrænmeti, villisveppasósa,
béarnaise og ferskt salat

Hvers vegna ætti að samþykkja sameiningu Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps?

Kannski er best að byrja á smá upprifjun og áttagafræði til að reyna að átta sig betur á þessu – þó ætla ég ekki að rekja hreppamörk og sveitarfélagaskipan lengra en bara það sem ég man. Ég er Snæfellingur, fædd í Eyjahreppi en alin upp og búsett í Staðarsveit, sem núna tilheyrir sveitarfélaginu Snæfellsbæ. Þegar ég var að alast upp voru 10 sveitarfélög innan þeirra marka sem nú er talað um

er kannski best að taka þá vinnu í nokkrum stökkum og nú höfum við tækifæri til að taka tvö skref í þá átt, því það standa yfir sameiningaviðræður bæði milli Stykkishólmsbæjar og Helgafellsveitar, en einnig milli Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps. En íbúar þessara sveitarfélaga munu taka ákvörðun í íbúakosningu varðandi vilja og framkvæmd þessara sameininga.

s.s. Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, Umhverfisstofa Snæfellsnes og Svæðisgarðinn Snæfellsnes, sem allt eru verkefni sem bera vott um mikla fram-sýni, samstarfsvilja og samtakamátt sem skipar Snæfellingum í hóp svæða sem horft er til varðandi framsýni, atorku og framtakssemi.

Snæfellsbær er víðfermt sveitarfélag, en það eru rúmlega 100 km. þegar farið er eftir þjóðvegnum „fyrir Jökul“ milli sveitarfélagsmarka sem eru annarsveggar nokkru vestan við Hofstaðaskóg á sunnanverðu Snæfellsnesi en hinsvegar í Búlandshöfða á norðanverðu Nesinu. En það er líka oftast hægt að fara yfir fjallgarðinn um Fróðárheiði sem styttr þessa leið innan sveitarfélagsins þá um helming. Í Snæfellsbæ eru bæði þéttbýliskjarnar og dreifbýli sem styður hvort annað og myndar fjölbreytta byggð sem hefur upp á margt að bjóða. Þar eru þrjár hafnir í daglegum rekstri en úterð og fiskvinnsla er öflugasta atvinnugreinin, en einnig er vaxandi ferðaþjónusta,

ráðnir í sumarvinnu í garðyrkju og í áhaldahúsi. Þá eru ýmis opinber störf í Snæfellsbæ s.s. við heilsugæslustöð, dvalarheimili aldraðra ofl. En það eru líka stór óbyggð svæði innan Snæfellsbæjar, en 2001 var Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull stofnaður á utanverðu Snæfellsnesi sem gefur mörg tækifæri bæði varðandi atvinnu og þróun á þjónustu en ekki síður til að njóta útivistar og ósnortinnar náttúru, auk þess sem starfsfólk þjóðgarðsins sinnir friðlöndunum á Hellnum, Arnarstapa og Búðum.

Stjórnsýsla Snæfellsbæjar hefur því í gegn um tíðina þurft að sinna margvíslegum verkefnum í margbreytilegu sveitarfélagi sem samsett er úr fjölbreyttum samfélögum með mismunandi þarfir og verkefni í misstórum þéttbýliskjörnum, sveitum, óbyggðum og friðlöndum beggja megin við Snæfellsnesfjallgarðinn.

Eyja- og Miklaholtshreppur er sveitasamfélag sem liggur austast á sunnanverðu Snæfellsnesi með aust-



sem Snæfellsnes, og lífa öfn þeirra sveitarfélaga enn í máli okkar þegar við tölum um þessi svæði, þrátt fyrir að sum þessara sveitarfélaga hafi ýmist sameinað stjórnsýslu undir einn hatt og/eða skipt um stjórnsýslunafn.

Það hefur margt breyst hvað varðar verkefni og rekstur sveitarfélaga síðan þessi sveitarfélagaskipan var á Snæfellsnesi fyrir rúmum 30 árum. Nú eru starfandi fimm sveitarfélög á Snæfellsnesi sem vinna mikið saman, því alltaf fjölgar þeim verkefnum sem krefjast sérfræðipækkingar bæði varðandi skylduverkefni, sérverkefni og faglegan rekstur bæði stjórnsýslu og stofnana sveitarfélaganna. Þá skiptir miklu máli að geta nýtt stærðarhagkvæmni og samlegðaráhrif við ráðningu á sérfræðingum og fagfólki til starfa við sértæka þjónustu og rekstur sveitarfélaganna. Þess vegna hefur þróunin verið sú undanfarin ár að sveitarfélög hafa verið að sameinast allt í kring um landið til að geta betur mætt skyldum sínum, auk þess að öðlast styrk til að mæta væntingum og þörfum íbúanna. Sveitarfélög þurfa að vera nógu öflug til að geta boðið upp á bæði lögboðna þjónustu en ekki síður gæði, aðstöðu og innvið sem styðja við þau lífsgæði sem fólk sækist eftir þegar það velur sér búsetu.

Þessi þróun hefur líka verið á Snæfellsnesi og eflaust sameinast öll sveitarfélögin þar undir eina stjórnsýslu innan fárra ára. En það tekur sinn tíma að samræma og samþætta stjórnsýslu margra sveitarfélaga og stofnana með fjölbreyttan rekstur í eina rekstrareiningu. Því

Ef þessar sameiningar verða samþykktar núna í hlutaðeigandi sveitarfélögum, þá verður kosið til sveitarstjórna í þremur sveitarfélögum á Snæfellsnesi í vor.

Ég er að velta fyrir mér hvort það sé eitthvað fengið með sameiningu Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps – þar sem það varðar mig beint sem íbúa í Snæfellsbæ.

Sveitarfélagið Snæfellsbær er landstærsta og fjölmennasta sveitarfélagið á Snæfellsnesi, það samanstendur af 5 fyrrum sveitarfélögum sem liggja beggja megin við Snæfellsnesfjallgarðinn og allt í kring um Snæfellsjökul. Þetta eru bæði sveitahreppar, þorp og þéttbýli sem hafa verið að sameinast og stilla saman strengi í eina þjónustu- og stjórnsýslueiningu síðan 1990 þegar fyrsta sameiningin var gerð er Fróðárhreppur og Ólafsvíkurkaupstaður sameinuðust. Snæfellsbær varð svo til í núverandi mynd við formlega sameiningu fleiri sveitarfélaga 11. Júní 1994, en íbúar í Ólafsvíkurkaupstað, Neshreppi utan Ennis, Breiðvíkurhreppi og Staðarsveit samþykktu í öllum sveitarfélögum sameiningu þessara sveitarfélaga í eitt sveitarfélag. Það var djörf ákvörðun á þeim tíma og eina sameiningin sem var samþykkt í sameiningarkosningum haustið 1993 en þá var kosið um sameiningu sveitarfélaga um allt land að frumkvæði þáverandi ríkisstjórnar. Íbúar Snæfellsnes sýna líka oft kjark og dug þegar róið er á ókannaðar slóðir og boðað er til framfaraverkefna. Þar má t.d. nefna fleiri framsækni verkefni



landbúnaður, ýmis þjónusta, margvísleg verktakastarfsemi og vaxandi fjarvinna, auk þess sem menningar- og listastarfsemi hefur vaxið og dafnað undanfarin ár. Sveitarfélagið sjálft er líka stór atvinnurekandi sem sinnir margvíslegri grunnþjónustu, en þar starfa allt að 250 einstaklingar í mismunandi stöðugildum s.s. við rekstur stjórnsýslunnar, á tæknideild, í áhaldahúsi, í tveimur leikskólum og grunnskóla með tveimur skóladeildum í þéttbýliskjörnum fyrir norðan fjall og grunnskóladeild og leikskólalæsi í sveitinni á sunnanverðu, auk tónlistaskóla sem sinnir öllum skóladeildunum, í félagsstarfi eldri borgara, félagsmiðstöð ungmenna, lífveislu fatlaðra og í íþróttamannvirkjum. Sumarstarfsmenn hafa líka verið margir þó fjöldi þeirra sveiflast talsvert milli ára. Stefnan hefur verið að allir unglingar í 7.-10. bekk sem vilja, hafa fengið vinnu í unglingavinnunni á sumrin. Jafnframt hafa unglingar eldri en 16 ára verið

ari hreppamörk um Haffjarðará og vestari hreppamörk nokkuð vestan við Hofstaðaskóg þar sem þau liggja að hreppamörkum Snæfellsbæjar. Eins og nafnið gefur til kynna voru þetta tvö sveitarfélög sem einnig sameinuðust undir einn hatt þann 26. júní 1994. Aðal atvinnuvegur í sveitarfélaginu er hefðbundinn landbúnaður en einnig er þar eina starfandi gróðrarstöðin á Snæfellsnesi, auk þess er þar rótgróin og vaxandi ferðaþjónusta. Þar er líka rekin vatnsaflsvirkjun og einnig eru starfandi ýmis fyrirtæki sem þjónusta bæði fyrirtæki og íbúa. Hreppurinn hefur rekið grunnskóla og leikskóla í Laugargerði og þar er líka íþróttahús, sundlaug og björgunarsveitarhús ásamt íbúðarhúsnæði.

En eiga þessi sveitarfélög eitthvað saman að selda?

Þegar við horfum á landakortið og virðum fyrir okkur legu þessara

tveggja sveitarfélaga þá blasir það við að byggðin á sunnanverðu Snæfellsnesi frá Haffjarðará vestur að Hellnum liggur vel saman landfræðilega þar sem þetta er ein samfelld sveit og atvinna og byggð því með svipuðum áherslum. Á þessu svæði eru milli 25 – 30 bújarðir þar sem stundaður er búskapur bæði mjólkurframleiðsla, nautgripaelði, jarðrækt, sauðfjárrækt og hrossabúskapur. Sumstaðar er búskapurinn rekin samhliða annarri vinnu og á nokkrum stöðum styður hann við ferðaþjónustu sem rekin er á sama bæ. Flestir starfandi bændur eru á besta aldri og margir hafa verið að byggja upp og bæta aðstöðu hjá sér. Það er t.d. nýlega búið að setja upp fjóra mjaltaróbóta og allavega einn til viðbótar á leiðinni, auk þess sem fín hesthús og reiðskemmur eru víða á þessu svæði. Þá er rötgróin og vaxandi ferðaþjónusta á sunnanverðu Snæfellsnesi en það eru um 25-35 ferðaþjónustuaðilar starfandi á þessu svæði og gaman að fylgjast með hvað það er mikil fjölbreytni í uppbyggingu og framboði bæði á gistingu, veitingum og dægradvöl. Einnig er þó nokkur vélaútgærd og verktakastarfsemi, viðgerðaverkstæði ofl. Auk þess hefur uppbygging innviða s.s. lagning ljósleiðara og rekstur leikskóla á þessu svæði skapað aðstöðu fyrir fólk að flytja heim þó það ætli sér ekki að lifa af landinu heldur vilji bara velja sér þessa búsetu og vinna í fjarvinnu eða önnur störf á svæðinu. Það er því dugmikið fólk og margar vinnandi hendur sem búa og starfa í samfélaginu sunnanfjalls á Snæfellsnesi og skila sínu til samneysunnar ekki síður en aðrir íbúar sem búa og starfa á Snæfellsnesi.

Það er líka mikil gróska í menningarlífi í þessu samfélagi í sveitinni sem gerir það að vænlegum búsetukosti. Fólkinn finnst vænt hvert um annað og það tekur saman höndum um að gera eitthvað saman. Í sveitinni er starfandi karlakór,



kvennasöngsveit og barnakór, búa- aðarfélag, kvenfélag, ungmennafélag og golfklúbbur, fólk hittist reglulega í þrjónahitting, leshring, á bílskúrskvöldum fyrir svo utan allt hitt sem er tilfallandi skemmtun en ekki regluleg. Það mæta líka allir sem vettlingi geta valdið þegar eitthvað er gert skemmtilegt í skólanum, hvort sem fólk á börn í skólanum eða ekki – því í þessu samfélagi eiga allir svolitíð í öllum – því það þarf heilt samfélag til að ala upp barn og skólinn er hjarta samfélagsins. Það er því fjölbreytt byggð, bæði menning, atvinnu- og búskaparhættir á sunnanverðu Snæfellsnesi sem á þó mikið inni í vexti og grósku ef hlúð er að henni.

Með því að sameina formlega þetta landsvæði á sunnanverðu Snæfellsnesi undir eina stjórnýslu má ná fram miklum samlegðaráhrifum bæði hvað varðar hagræðingu í rekstri en ekki síður til að efla byggðina sem eitt samfélag og stuðla að fjölgun fólks á þessu svæði.

Hvernig er þá hægt að hagræða með þessari sameiningu?

Þegar tveir aðilar rugla saman reitum er alltaf eitthvað sem hægt er að spara með sameiningu og samnýtingu. Það sem liggur beinast við í þessari sameiningu og blasir við er að stjórnýslan verður undir einum hatti, en ekki tvö stjórnkerfi sem þarf að borga fyrir. Þá liggur það líka í augum uppi þegar horft er á sveitina á sunnanverðu Snæfellsnesi að það

hlýtur að vera hægt að ná fram mikilli hagræðingu í rekstri en jafnframt eflingu á starfsemi með því að sameina skólana sem þar eru reknir sitt í hvoru lagi. Það er hagræðing fyrir rekstur beggja sveitarfélaganna þar sem þau reka sitt hvort sveitaskólann á sunnanverðu Snæfellsnesi. Það hlýtur að skipta máli bæði fjárhagslega og félagslega fyrir ekki stærrí skólaeiningar en þar eru, að setja þær saman í eina svo það séu fleiri heimili sem standa að og tilheyra sameiginlegu skólahverfi í sveitinni. Fyrir utan þessi tvö stóru hagræðingarmál er eflaust margt annað sem kemur til sem ég hef ekki skoðað, svo sem nýting eða sala á húsnæði sem losnar við að sameina skólana í eina einingu og margt fleira. Þar við bætist svo framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna vegna sameiningarinnar upp á tæplega 600 milljónir sem á að nota til að hagræða og efla sveitarfélögin sem eru að sameinast.

„Hvað græði ég á þessari sameiningu“?

Í aðdraganda þessara sameininga- kosninga hef ég stundum heyrt þessari spurningu fleygt „hvað græði ég á þessari sameiningu“? – ég held að allir græði á þessari sameiningu – hvort sem það eru sveitarfélögin sjálf sem rekstrareiningar, íbúar þeirra og gestir eða almannahagsmunir og þjóðarþúið. Því þegar tvær fjárhagslega sjálfstæðar og sterkar rekstrareiningar eru lagðar saman með það

að markmiði að hagræða í rekstri, efla innviði og samfélag – auk þess sem nokkur meðgjöf fæst með gjörningnum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna til að styðja við framfarir og uppbyggingu - þá hljóta allir að græða.

Bæði sveitarfélögin; Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur eru fjárhagslega sterk sveitarfélög sem hafa staðið vel undir þeirri þjónustu sem þau hafa rekið og skuldsetning á hvern íbúa þeirra beggja er nokkuð undir landsmeðaltali. Það er því ekki vegna þess að þetta séu fjárhagslega ósjálfbærar einingar sem horft er til þessarar sameiningar, heldur einfaldlega vegna þess að með auknum kröfum á starfsemi og stjórnýslu sveitarfélaganna, aukinni tækni til að vinna að verkefnum óháð staðsetningu og tækifærum sem felast í hagræðingu í rekstri og þar með tækifærum í eflingu innviða, atvinnulífs og samfélags á því svæði sem þessi samfélög ná yfir, er lagt upp í þennan leiðangur sem verður væntanlega öllum til hagsbóta, ef við berum gæfu til þess að grípa þetta tækifæri.

Tækifærið er okkar - missum ekki af því!

Keru íbúar Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps – nú höfum við einstakt tækifæri til að efla byggðarlagið okkar með því að samþykka sameiningu sveitarfélaganna okkar í eina stjórnýslu. Með því tel ég að við fáum mörg tækifæri til að hagræða, efla og bæta innviði og þjónustu í samfélagunum okkar. **Við skulum ekki missa af þessu tækifæri – sýnum samstöðu og samhyggð og segjum JÁ-TAKK við sameiningu sveitarfélaganna okkar í íbúakosningunni núna á laugardaginn 19. feb.**

*Með kærri kveðju,
Maggý í Böðvarsholti*

Ósótt númer í leikfangahappdrætti

Lionsklúbbur Nesþinga dró í leikfangahappdrætti sínu í Röstinni á Þorláksmessu, góð þátttaka var í happdrættinu en eins og víða annarsstaðar setti Covid strík í reikninginn og því ekki allir sem gátu sótt vinningana þegar búið var að draga.

Enn eru nokkrir vinningar ósóttir og eru númer þeirra vinninga birt hér í þeirri von að eigendur vitji þeirra.

Númer ósóttra vinninga eru: 1, 17, 26, 160, 176, 269, 338, 370, 486, 680, 747, 750, 760, 817, 891, 899, 907, 939, 940, 1133, 1144, 1169, 1219, 1233, 1356, 1367, 1371, 1471, 1505, 1520, 1545, 1668.

Hægt er að hafa samband við Guðjón í síma 894-3611 til að nalgast vinninga.



Við bjóðum upp á alhliða bílaviðgerðir, dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Kjörstaðir sameiningarkosninga 19. febrúar



Laugardaginn 19. febrúar næstkomandi fara fram kosningar um sameiningu Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps.

Rétt til að kjósa hafa allir 18 ára og eldri sem eru á kjörskrá í viðkomandi sveitarfélagi. Kjörskrár liggja frammi á skrifstofum sveitarfélaganna. Einstaklingar geta athugað hvort þeir séu á kjörskrá og hvar þeir eigi að kjósa á heimasíðu þjóðskrár.

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki. Aðsetur kjörstjórnar verður á viðkomandi kjörstað á kjördag.

Talning atkvæða fer annars vegar fram í Íþróttahúsi Laugargerðisskóla og hins vegar í Grunnskólanum í Ólafsvík og hefst eftir að öllum kjörstöðum hefur verið lokað. Verða atkvæði talin og úrslit birt í hvoru sveitarfélagi og á snæfellingar.is.

Um undirbúning, framkvæmd og frágang sveitarstjórnarkosninga fer eftir lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Kjörstjórnir Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps

Kjörfundir fara fram í hvoru sveitarfélagi og verða þeir opnir sem hér segir:

Kjörfundir í Snæfellsbæ:

Grunnskólinn í Ólafsvík frá kl. 10 til 18

Grunnskólinn á Hellissandi frá kl. 10 til 18

Grunnskólinn á Lýsuhóli frá kl. 10 til 18

Kjörfundur í Eyja- og Miklaholtshrepp

Íþróttahús Laugargerðisskóla frá kl. 10 til 18

Skíðasvæði Snæfellsness opnar



Skíðasvæði Snæfellsness, eitt krúttlegasta skíðasvæðið á landinu, opnaði síðastliðna helgi við mikinn fögnuð skíða- og brettafólks á öllu nesinu. Skíðasvæðið er staðsett í brekkunni ofan við Grunnskóla Grundarfjarðar og er þar 600 metra toglyfta með 60 diskum auk þess sem útbúin voru gönguskiðaspor meðfram lyftunni fyrir opnunina.

Lyftan var sett upp af áhugafólki í Ungmennafélagi Grundarfjarðar á níunda áratugnum auk þess

sem þau byggðu þar um 15 fm skíðakofa og keyptu snjótroðara. Nú hafa yngri kynslóðir tekið við keflinu og er búið að endurnýja og gera við tækin og gera upp skíðaskálann. Er þar lítil aðstaða þar sem fólk úr brekkunni getur tekið sér nestispásu eða farið á salernið.

Skíðasvæðinu er haldið gangandi eingöngu af sjálfbóðaliðum í bæjarfélaginu og öll vinna á svæðinu er unnin í sjálfbóðaliðastarfi eða fyrir styrkfé. Sjálfbóðaliðar

úr skíðaráði með dyggri aðstoð almennings og björgunarsveitarinnar hafa unnið hörðum höndum undanfarið við að koma skíðasvæðinu í stand svo hægt sé að nota lyftuna og renna sér niður brekkurnar.

Eftir mikla vinnu var prufuopnun síðastliðinn föstudag en svæðið opnaði svo laugardaginn 12. febrúar. Það var greinilegt að fólk hafi beðið spennt eftir opnun svæðisins því vel var mætt. Börn og fullorðnir á skíðum og bretti-

um hópuðust í brekkuna enda aðstæður til útivistar ljómandi um helgina. Það er dýrmætt að hafa aðila í samfélaginu sem eru boðin og búið til að standa í slíkri vinnu í sjálfbóðaliðastarfi svo að hægt sé að njóta fallelgra daga á skíðasvæðinu. Vinna þessarar aðila er vel metin og fólk á nesinu öllu þeim þakklátt fyrir tækifærið til að renna sér hér heima.

Meðfylgjandi tók Sverrir Karlsson af lífinu á skíðasvæðinu síðastliðna helgi.